

Heimspeki með börnum

*Kennsluleiðbeiningar með bókinni*

# GULLFJÖÐRIN

Höfundur: Áslaug Jónsdóttir

Útgefandi: Mál og menning, 1989

Lundarsel 2000-2001

Gullfjörin er sérstök í flóru barnabókmennta þar sem hún er sögð með myndum en ekki texta. Það er skemmtilegt að prófa þetta form í barnaheimspekinni. Þetta er líka tilbreyting frá lesnum texta með engum myndum. Þarna þarftu að ímynda þér söguna kringum myndirnar en ekki ímynda þér myndir í kringum söguna. Kennsluleiðbeiningarnar sem koma hér á eftir eru til hliðsjónar en ekki til að fara eftir frá orði til orðs. Það er alltaf langbest að ræða út frá áhuga barnanna og út frá þeirra upplifun og spurn.

• **Bls. 2**

- *Hvað finnst ykkur skrítið við myndina?*
- *Hvað er að gerast?*
- *Af hverju er hann að fljúga?*
- *Geta allir flogið?*
- *Hvað er það sem þarf til að fljúga?*

•

• **Bls. 3**

- *Hvað er skrítið við myndina?*
- *Hvað er að gerast þarna?*
- *Hvað eru fjaðrir?*
- *Til hvers eru fjaðrir?*

•

• **Bls. 4**

- *Hvað er að gerast á myndinni?*
- *Er fuglinn að skoða fjöðrina?*
- *Er hann að tala við hana?*
- *Hvað þurfum við til að tala?*
- *Er fjöðrin lifandi?*
- *Hvernig vitum við að hlutir eru lifandi?*

•

• **Bls. 5**

- *Hvað er að gerast á myndinni?*
- *Hvernig heldur hann á fjöðrinni?*
- *Getur hann þá flogið?*
- *Hvernig flýgur hann?*
- *Hvert ætli hann sé að fara með fjöðrina?*

•

• **Bls. 6**

- *Hvað er að gerast á myndinni?*
- *Hvernig fugl er þetta?*
- *Geta fuglar talað?*
- *Getum við talað við fuglana?*
- *Geta fuglar talað saman?*
- *Geta fuglarnir talað við okkur*

• **Bls. 7**

- *Hvað er að gerast á myndinni?*
- *Hvernig fugl er þetta?*
- *Getur þessi fugl flogið?*
- *Hvað ætli þeir séu að segja?*

• **Bls. 8**

- *Hvað er að gerast á myndinni?*
- *Hvernig fugl er þetta?*
- *Er hann sofandi?*
- *Sofa allir á nóttunni?*
- *Eru einhverjir sem sofa á daginn?*
- *Má sofa á daginn?*
- *Má vaka á nóttunni?*

• **Bls. 9**

- *Hvað er að gerast á myndinni?*
- *Hvernig fugl er þetta?*
- *Hvar er hann?*
- *Hvað er rafmagn?*
- *Hvað heldur okkur gangandi?*
- *En sjónvarpinu eða tölvunni?*
- *Ef það er ekkert rafmagn hvað þá?*

•

• **Bls. 10**

- Hvað er að gerast á myndinni?
- Hvernig fugl er þetta?
- Hvað er hann að gera?
- Hvar búa fuglarnir?
- Hvar búum við?
- Geta fuglar búið í húsum?
- Getum við búið í trjám?

•

• **Bls 12**

- Hvað er að gerast hér?
- Hvað er hann að segja?
- Hvernig fugl er þetta?
- Eru fuglarnir langt í burtu eða nálægt?
- Hvernig vitum við það?
- Heyra þeir í honum?
- Hvernig heyrum við
- Heyra fuglar?
- Hvernig vitum vitum við það?

•

• **Bls. 14**

- Hvað er að gerast á myndinni?
- Hvernig fugl er þetta?
- Getur hann flogið?
- Af hverju?
- Er hann lifandi?
- Hvernig vitum við það?
- Er hann sofandi?
- Á fuglinn fjöðrina?

•

• **Bls. 11**

- Hvað er að gerast?
- Hvernig fugl er þetta?
- Hvað er hann að gera?
- Hvar er hann?
- Getur þessi fugl flogið?
- Býr hann í trjám.
- Geta fuglar búið í vatni?
- Geta fuglar synt?
- Geta allir fuglar flogið?
- Geta allir fuglar synt?

•

• **Bls. 13**

- Hvað er að gerast á myndinni?
- Er fuglinn sofandi?
- Er hann þreyttur?
- Af hverju er hann þreyttur?
- Geta allir orðið þreyttir?
- Má vera þreyttur?
- Getum við farið að sofa þegar við erum þeytt?
- Megum við fara að sofa ef við erum þreytt á daginn?
- Megum við fara að sofa þegar við erum þreytt á kvöldin?

•

• **Bls. 15**

- Hvað er að gerast á myndinni?
- Er dagur eða nótt?
- Hvernig vitum við að það er dagur?
- Hvernig vitum við að það er nótt?
- Hvert fer sólin á nóttunni?
- Er sólin lifandi?
- Hvernig vitum við það?
- Hvert fer tunglið á daginn?
- Er tunglið lifandi?

Þegar bókin er fullskoðuð getur verið gaman að lesa söguna því það er ekki víst að sagan sem varð til hjá hópnum sé hin sama og höfundur ætlaði sér. Þarna

geta líka komið upp nýjar og skemmtilegar pælingar sem gaman er að vinna áfram með.